



1204. Stjórnarfundur VR

Haldinn miðvikudaginn 13. maí 2020 kl. 17:30 í Kringlunni 7 á 0. hæð.

Mætt voru: Ragnar Þór Ingólfsson, Harpa Sævarsdóttir, Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir, Arnþór Sigurðsson, Bjarni Þór Sigurðsson, Friðrik Boði Ólafsson, Fríða Thoroddsen, Helga Ingólfssdóttir, Jónas Yngvi Ásgrímsson, Selma Árnadóttir, Sigríður Lovísa Jónsdóttir, Sigurður Sigfússon, Sigrún Guðmundsdóttir, Sigmundur Halldórsson, Þorvarður Bergmann Kjartansson, Stefán Sveinbjörnsson framkvæmdastjóri og Árni Leósson forstöðumaður sem ritaði fundargerð.

Fjarverandi: Selma Björk Grétarsdóttir

Gestur fundarins: Viðar Ingason hagfræðingur VR

Dagskrá:

Áður en að gengið var til auglýstrar dagskrár óskaði Ragnar Þór eftir samþykki fundarmanna fyrir þeirri dagskrárbreytingu að skotið væri inn sem dagskrárlið nr. 6 „Staða VR innan miðstjórnar ASÍ“ og að sem dagskrárliður nr. 12 væri „Skipan í stjórn SVS“ og undir liðnum Önnur mál yrði tekin fyrir „Undirskrift á tilkynningu til félagaskrá“. Númeraröð annarra dagskrárliða breytist samkvæmt því.

Samþykkt samhljóða

Þá var næst dregið um sætaskipan stjórnarmanna á stjórnarfundum fyrir komandi kjörtímabil. Að þessu loknu hófst dagskrá samkvæmt fundarboði.

1. Fundargerð 1203. stjórnarfundar VR var lögð fram til samþykktar.

Ragnar Þór lagði fram fundargerð 1203. stjórnarfundar VR til samþykktar en engar athugasemdir höfðu borist við hana.

Fundargerðin var samþykkt og undirrituð.

2. Fundargerðir stjórnarfunda 1200., 1201. og 1202. lagðar fram til samþykktar

Þar sem síðustu stjórnarfundir hafa verið í fjarfundi hefur ekki gefist tækifæri til að samþykkja og undirrita nokkrar fundargerðir fyrr en nú.

Engar athugasemdir höfðu borist við fundargerðirnar og voru þær allar samþykktar og undirritaðar.

3. Samþykkt á milli funda um boðun framhaldsaðalfundar VR

Fært er til bókar samþykkt stjórnar á tillögu um að halda framhaldsaðalfund VR þriðjudaginn 9. júní 2020 kl. 19:30. Var það samkvæmt tölvupósti frá Stefáni Sveinbjörnssyni framkvæmdastjóra VR dags. 30 apríl 2020.

11 stjórnarmenn samþykktu þá tilhögun með svarpósti.

4. Samþykkt milli funda, áfrýjun dómsmáls til Landsréttar vegna smálána

Fært er til bókar samþykkt stjórnar á tillögu um að halda áfram með áfríun málarekstri gegn smálánafyrirtækjum á vettvangi dómstóla með kostnaði sem er um 1 milljón króna. Var þetta samkvæmt tölvupósti frá Ragnari Þór Ingólfssyni formanni VR dags. 5. maí 2020.

9 stjórnarmenn svöruðu og samþykktu tillögu formanns og var það því samþykkt með 10 atkvæðum.

5. Kjaramál – staðan

Ragnar Þór hefur verið að funda með stjórnvöldum og það sem verið er að vinna með eru verðtryggingamál og hlutdeildarlánin auk menntamála og átaks um sumarvinnu fyrir námsmenn. Það sé þó þannig að búið er að breyta nokkrum veigamiklum atriðum í frumvarpsdrögunum t.d. tekjumörkum vegna hlutdeildarlánanna. Þá eru líka komnar alls kyns undanþágur inni verðtryggingarhlutann en unnið er að lausnum.

Sigríður Lovísa mætir hér til fundar kl. 17:50

Umræður.

Nú tók til máls gestur fundarins, Viðar Ingason hagfræðingur VR, og fór hann yfir sviðsmyndargreiningu sem hann hefur unnið. Lagði hann fram skjalið „Sviðsmyndargreining 2020“ og fór yfir á slæðum.

Í máli Viðars koma m.a. fram að samkvæmt sögulegri þróun hafa orðið um 20 verðbólgu- og bankakreppur á Íslandi á síðustu 150 árum og þar af 6 stórar og fjölpættar. Fór hann yfir það hvernig þróun hefur verið í samspili rauntímabils hverrar þeirra 6 stóru krepputímabila og svo tímabils aukins atvinnuleysis og lægri kaupmáttar en það eru oft að meðaltali 4 – 8 ár sem tekur að rétta úr kútnum þegar stórar kreppur skella á.

Þá sýndi Viðar reiknilíkan um spá um verðbólgu, atvinnuleysi og kaupmátt að gefnum ýmsum forsendum þar sem niðurstöðum var stillt upp á þrennan hátt þ.e. það sem mætti kalla „bjartsýnisspá“, „líkleg spá“ og „svartsýnisspá“. Svo fór hann yfir spár annarra aðila um verðbólgu en spár Seðlabanka, Íslandsbanka og verðbólguálag skuldabréfamarkaðar eru að verðbólga verði á bilinu 2,1% - 2,5% að meðaltali 2020 – 2022. Helstu forsendur eru hér gengisþróun og helst það í hendur við það hvort erlendir ferðamenn komi aftur fyrr eða seinna.

Pá fór hann yfir spár ASÍ, Vinnumálastofnunar og Seðlabanka um atvinnuleysi og eru það spár um 6% - 9% atvinnuleysi að meðaltali árin 2020 – 2021. Kom fram að spárnar gerðu ráð fyrir því að Íslendingar myndu ferðast mikið innanlands þótt lítið verði um erlenda ferðamenn en þó sé einnig gert ráð fyrir því að Ísland verði svo áfram vinsælt ferðamannaland.

Varðandi spá um þróun kaupmáttar sagði Viðar að gert sé ráð fyrir því að umsamdar launahækkningar komi til greiðslu í spánni sem merkt er sem bjartsýn eða líkleg en ekki í svartlýsspánni þar sem einnig er gert ráð fyrir mikilli verðbólgu.

Umræður.

Að loknum umræðum og fyrirspurnum var Viðari þakkað fyrir hans innlegg og vék hann þá næst af fundi kl. 18:40.

Ragnar Þór sagði nú að hann væri að vinna að því að stofnaður verði samráðshópur stjórnvalda, banka, leigufélaga og aðila vinnumarkaðarins um samræmdar aðgerðir um greiðsluskjól fyrir almenning næstu mánuði. Vonar hann að það gangi eftir.

Ragnar Þór lagði nú fram tillögu um ályktun stjórnar VR vegna málefna Borgarleikhúss en þar hefur verið gripið til þess að greiða ekki laun starfsmanna í undir 45% starfshlutfalli. Tillagan er svo hljóðandi:

“Stjórn VR krefst þess að Borgarleikhúsið greiði starfsmönnum sínum í undir 45% starfshlutfalli tafarlaust umsamin laun samkvæmt ákvæðum gildandi kjarasamninga. En Borgarleikhúsið hefur ekki greitt laun fyrir aprílmánuð til starfsmanna sinna sem eru í minna en 45% starfshlutfalli.

Borgarleikhúsið hefur enga sérstöðu umfram önnur fyrirtæki sem nýta sér úrræði stjórnvalda nú þegar gefur á bátinn. Þótt draga þurfi saman seglin víða þá standa fyrirtæki við ákvæði kjarasamninga um uppsagnarfrest. Fyrirtæki verða enda að gera ráð fyrir ákveðnu svigrúmi til að takast á við óvæntar aðstæður. Slíkt getur ekki talist of íþyngjandi fyrir Borgarleikhúsið þegar kemur að greiðslu launa til starfsmanna sem eru í minna en 45% starfshlutfalli.

Stjórn VR krefst að tafarlaust verði starfsmönnum Borgarleikhúsins sem eru í minna 45% starfshlutfalli greidd umsamin laun.“

Umræður.

Að loknum umræðum bar Ragnar Þór upp ofangreinda ályktun til samþykktar.

Samþykkt samhljóða.

6. Staða VR innan miðstjórnar ASÍ

Ragnar Þór sagðist hafa verið óánægður með vægi VR innan miðstjórnar en hann hafi gefið eftir varaforsetastól ASÍ á síðasta ASÍ þingi til að halda friðinn. En samvinnan hafi verið erfið og upplýsingagjöf til okkar með versta móti. Allt er mótað af Drífu eða hópi sem við höfum ekki komið að nema því er varðar húsnæðismálin.

Þetta hafi svo endað með úrsögnum hans, Vilhjálms Birgissonar og Hörpu Sævarsdóttur þótt úrsögn hans sjálfs hafi reyndar ekki verið tekin gild. Þessar úrsagnir voru mistök og ljóst að þau hefðu átt að fara aðra leið og drógu þau því úrsagnir sínar til baka. En málið sem kom þessu af stað þ.e. lífeyrissjóðsleiðin var ekki tekið til afgreiðslu og notað var lögfræðiálit til að koma í veg fyrir afgreiðslu afturköllunar úrsagna þeirra sem fékk því ekki málefnalega umfjöllun.

Ástandið hefur svo versnað enn og hefur hann ekkert heyrt í Drífu eftir þetta. Þannig sé hún ekki lengur það sameiningartákn sem hún ætti að vera eða a.m.k. ekki í þessu máli. Við höfum áður rætt á okkar vettvangi kosti þess og galla að vera í ASÍ m.a. á vinnufundi stjórnar fyrir 2 – 3 árum síðan. Kannski sé betra að standa utan sambandsins en Drífa hefur nú óskað eftir því að eiga „milliliðalaust samtal“ við stjórn VR og lítur Ragnar Þór á það sem vantraust í sinn garð. Þessi klofningur er þó ekki óyfirstíganlegur og þurfum við að halda vinnufund um málefnið þar sem hann muni fara yfir og sýna öll sín samskipti. Stakk hann uppá því að fundurinn yrði haldinn eftir c.a. 2 vikur og myndi standa í um 3 klukkustundir. Myndum við þar ræða einnig hvernig við ætlum að halda áfram t.d. með boðun trúnaðarráðs til að ræða í stærra samhengi og jafnvel bjóða Drífu og Magnúsi Norðdahl lögmanni ASÍ að koma þar fram með sín sjónarmið. Leggur hann a.m.k. til að halda þennan vinnufund stjórnar fyrst eftir 2 vikur.

Umræður.

Að loknum umræðum var samþykkt samhljóða að halda vinnufundinn en án aðkomu forseta ASÍ.

7. Vinnumarkaðsúrræði

Stefán lagði fram skjalið „Vinnumarkaðsúrræði – minnisblað til stjórnar“ dags. 11. maí 2020 og fór yfir efni þess á slæðum. Í máli Sefáns kom m.a. fram að hjá VR hafi verið rekin atvinnuleysisbótadeild með rekstri Úthlutunarnefndar nr. 2 fram til ársins 2010 og síðan hafi verið ákvæði í kjarasamningum árið 2011 um tilraunaverkefnið „Starf vinnumiðlun og ráðgjöf“ á árunum 2012 – 2015 sem unnið var á skrifstofu VR í samvinnu við Vinnumálastofnun. Mikil ánægja var meðal félagsmanna VR með þá þjónustu sem m.a. endurspegladist í gæðakönnunum en þrátt fyrir það var verkefninu ekki fram haldið.



Í umræðum í m.a. framtíðarnefnd VR hafi verið rætt um að VR þurfi að bregðast við auknu atvinnuleysi sem búast má við að hellist yfir fyrrihluta næsta vetrar með jafnvel 6000 atvinnulausum VR félögum. Ekki sé líklegt að hægt verði að endurreisa við Starf en það myndi kosta samning við Vinnumálastofnun sem hafi ekki beinlínis verið verkefninu hliðholl á sínum tíma.

Stefán sagði að mikil reynsla væri enn til innanhúss hjá VR og taldi að helst gæti VR boðið uppá námskeið sem kæmu til viðbótar og væru öðrum þræði en þau sem Vinnumálastofnun er með í boði. Einnig gætum við reynt að fá aukið fjármagn í starfsmenntasjóðina, prufað opið hús með kaffi og fræðslu en einnig að bjóða persónulega ráðgjöf t.d. er varðar kærur og önnur deilumál sem koma upp í samskiptum bótaþega og Vinnumálastofnunar. En fyrsta mál væri að skipa verkefnastjóra sem myndi fara yfir og stilla af sviðsmyndina og útbúa áætlun um verkefnið í samvinnu við þá starfsmenn VR sem komið hafa að þessum málaflokki og yrði það svo tekið saman og lagt fyrir stjórn til samþykktar.

Umræður.

Ragnar Þór bar svo upp til samþykktar að farið verði í að undirbúa vinnumarkaðsúrræði hjá VR á þeim nótum sem Stefán lagði til.

Samþykkt samhljóða.

Ragnar Þór óskaði hér eftir samþykki fyrir því að framlengja fundi til kl. 21:30

Samþykkt.

8. 3 mánaða uppgjör VR og útkomuspá um rekstur VR 2020

Stefán lagði fram skjalið „*Lykiltölur jan – mars 2020*“ og fór yfir efni þess á slæðum. Kom m.a. fram að fjöldi félagsmanna sé nú 36.572 sem sé 3,1% fjölgun frá sama tíma 2019. Afgreiðslum fækkar vonlega vegna COVID-19 en að sama skapi aukast heimsóknir á vef og Mínar síður. Aukning er á greiðslu styrkja úr sjúkrasjóði og er nú svo komið að hlutfall sjúkradagpeninga af iðgjöldum í sjóðinn er orðið 96,13% sem þýðir að nánast allt sem kemur í sjóðinn fer í greiðslu dagpeninga.

Eignir VR eru á tímabilinu 14.5 milljarðar og er það aukning um 8% en nafnávöxtun á sjóðum VR var á tímabilinu 1,3% og raunávöxtun 1,33%

Þá lagði Stefán fram skjölin „*Árshlutareikningur janúar til mars 2020*“, „*Árshlutareikningur sjóða VR janúar til mars 2020*“ og „*Rekstarspá VR 2020*“ og fór þar yfir helstu tölur. Segja má að við séum nokkurn vegin á áætlun en í rekstrarspá er reiknað með minni tekjum vegna aukins atvinnuleysis þannig að tekjur falli úr 4.7 milljörðum kr. niður í 4.2 milljarða kr. og gjöld aukist úr

4.7 milljörðum kr. í 4.9 milljarða kr.. Samkvæmt þessu er þó ekki nauðsynlegt að fara í hagræðingaraðgerðir en þó gæti þessi staða komið niður á inngreiðslu í VR varasjóð á næsta ári og hugsanlega þarf að breyta eitthvað útgreiðslureglum í sjúkrasjóði.

Umræður.

- 9. Fjármögnun á málssókn Gráa hersins gegn ríkinu vegna skerðinga á lífeyri**
Ragnar Þór lagði fram skjalið „Mál gráa hersins gegn ríkinu“ dags. 13. maí 2020 og fór yfir efni þess. Kom fram að VR hafi þegar veitt 1 milljón kr. styrk til málsins en að nú sé heildarkostnaður áætlaður 13 milljónir króna en þegar hafa safnast 6 – 7 milljónir kr. og er enn verið að safna í sjóðinn. Lagt er til að VR skuldbindi sig til að tryggja allt að 7 milljónir króna til að hægt sé að reka málið á öllum dómsstigum. Grái herinn mun halda áfram að safna fé og því kæmi það allt til frádráttar því sem við tryggjum. Um sé að ræða gríðarlegt hagsmunamál fyrir félagsmenn VR á ellilífeyri og þá sem eiga eftir að hefja töku lífeyris.

Á móti komi það að VR muni verða gert hátt undir höfði í allri umfjöllun og tengingum við málareksturinn á næstu árum þannig að það sé ljóst að það séu VR og Grái herinn sem standi saman að þessum málarekstri. Leggur hann til að stjórn samþykki þessa tryggingu á greiðslum til málarekstursins sem að hámarki gætu orðið 7 milljónir króna.

Umræður.

Að loknum umræðum bar Ragnar Þór tillögu sína um stuðning VR við málarekstur Gráa hersins upp til samþykktar.

Samþykkt samhljóða.

10. Starfsreglur stjórnar VR

Ragnar Þór sagði að samkvæmt reglum beri að leggja árlega fram til umfjöllunar Starfsreglur stjórnar VR og að þessu sinni hafi ekki komið fram neinar ábendingar eða óskir um upptöku á nokkru ákvæði og því beri hann upp nógildandi Starfsreglur stjórnar VR óbreyttar frá fyrra ári.

Samþykkt samhljóða.

11. Tilboð tengd orlofsmálum fyrir félagsmenn VR

Stefán lagði fram skjalið „*Fyrirkomulag á sumarafsláttum til félagsmanna 2020*“ dags. 6. maí 2020 og fór yfir efni þess. Í máli Stefáns kom m.a. fram að auglýst hafi verið eftir tilboðum til VR frá ferðaþjónustuaðilum í fjölmiðlum og komið sé nokkuð af svörum. Tilgangur þessa sé að reyna að fá góð kjör á fjölbreyttri ferðaþjónustu fyrir félagsmenn VR nú þegar orlofsferðir verði að öllu leiti innanlands næstu misserin vegna áhrifa COVID-19 faraldursins.

Tilboð má sjá bæði á tilboðssíðum á vef VR og í orlofskerfinu Frímenn en stefnt er að því að tilboðin verði öll aðgengileg á vef VR og hægt verði að fletta og leita eftir ákveðnum vöruflokkum s.s. hótél, bíla- tjaldvagnaleigur oþh.

Afslættir eru svo veittir annað hvort með sérstökum kóðum eða með staðfestingu félagsaðildar í gegnum Mínar síður. Í dag eru þegar komin alls 120 tilboð til félagsmanna og þar af eru 30 vegna ferðaþjónustu.

12. Skipað í stjórn Starfsmenntasjóðs verslunar- og skrifstofufólks (SVS)

Stefán sagði frá því að við höfum skipað í stjórn SVS með SA en okkar fulltrúar sem nú láta af stjórnarstörfum eru Ingibjörg Ósk Birgisdóttir fyrrum stjórnarmaður í VR og Teitur Lárusson starfsmaður VR sem senn lætur af störfum vegna aldurs.

Lagt er til að stjórnarmennirnir Selma Árnadóttir og Sigurður Sigfússon komi í stjórn SVS í þeirra stað.

Ragnar Þór bar þá upp til samþykktar þessa tillögu um nýja stjórnarmenn í stjórn SVS.

Samþykkt samhljóða.

Fundi er slitið kl. 21:20
Árni Leósson, fundarritari